



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts - 20.6.2017 kl. 18:00

### Mætt:

Baldvin Hansson (BH), Ragnar Róbertsson (RR), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

### Fjarverandi:

Torfi Arnarson (TA), Einar Gunnlaugsson (EG), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Garðar Þór Garðarsson (GPÞ)

ÞA ritaði fundargerð.

### 1. Tryggingar óskráðra tækja

Í framhaldi af 2. lið stjórnarfundar þann 6. apríl 2017 hafa borist staðfestingar á tryggingarvernd frá tryggingarfélagunum Sjóvá, TM, Verði og VÍS. Þau eru svona:

#### Sjóvá (skriflegt):

Þegar við seljum frjálsa ábyrgðartryggingu á óskráð keppnistækni og mun eftirfarandi skilmáli koma á skírteinið

Vátrygging þessi tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggingartaka vegna muna- eða líkamstjóns, sem hlýst af þátttöku vátryggingartaka í aksturskeppni skv. reglugerð nr. 507/2007 eða æfingu fyrir slíka keppni, á vátryggingartímabilinu og hlotist hefur af notkun þess ökutækis sem tilgreint er á vátryggingarskírteini. Vátryggingin tekur þó ekki til tjóns, sem verður á keppnisbraut, æfingasvæði eða mannvirkjum á slíkum svæðum, lausafé í eigu eða vörslu keppnishaldara né heldur til tjóns sem verður á ökutækinu sjálfu eða ökumanni þess.

Með þessari breytingu verður það þannig að ef ábyrgð án sakar verður lögð á keppendur fellur það undir trygginguna

#### TM (skriflegt):

Vátrygging óskráðra keppnistækja tekur til ábyrgðar samkvæmt reglugerð nr. 507/2007. Sú ábyrgð hefur verið talin á sakargrundvelli, það er ekki hlutlæg.

#### Vörður (símleiðis):

Vátrygging óskráðra keppnistækja hefur ávallt verið talin frjáls ábyrgðartrygging og ekki hlutlæg

#### VÍS (skriflega):

Erum að selja okkar viðskiptavinum frjálsar ábyrgðartryggingar á óskráð keppnistækni. Við höfum ekki verið að selja hlutlæga tryggingu á óskráð keppnistækni og erum ekki að vinna í slíkum breytingum.

### 2. Gagnagrunnur um slysaskráningar á vegum FIA

AKÍS hefur borist skeyti frá FIA um skráningu í slysagagnagrunn. Þetta er ætlað til skráningar á alvarlegum slysum og dauðsföllum, til að byrja með.

### 3. Aldur í akstursípróttum



Eftir að hafa sameinað það sem nágrannalönd okkar (Noregur, Finnland, Danmörk, Þýskaland, England og Írland segja um aldur þá lítur sameiginlegt skjal svona út:

[https://docs.google.com/document/d/1RP7lu22KM-ODE6N\\_U6\\_W8TG\\_rSExTfeKdn371VRm8i0/edit?usp=sharing](https://docs.google.com/document/d/1RP7lu22KM-ODE6N_U6_W8TG_rSExTfeKdn371VRm8i0/edit?usp=sharing)

#### 4. Önnur mál

**Aukaafgjafar í götubílaflokki torfæru** - Sérstaklega er tekið fram að nítró sé bannað og ekki hægt að leyfa það með sérreglum keppinnar. Ekki hægt að breyta reglum fyrr en í haust.

**Stig í fyrstu umferð götuspyrnu** - Málið rætt. Verður tekið fyrir á næsta fundi stjórnar.

#### 5. Næsti fundur

4. júlí 2017 - Google Hangouts kl. 18:00